


Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 6.tbl. 9. árg

Mars og apríl 2020

Komið þið sæll!



Nú hefur vetrarfrí nemenda og kennara runnið sitt skeið og marsmánuður hafið göngu sína í skólalífínu.

Vorönnin flýgur á gífurlegum hraða og fyrr en varir verða blómin farin að teygja kollinn upp úr moldinni. En þangað til er margt og mikið sem mun fara fram í skólanum.

Strax nú í byrjun mars verður Stóra upplestrarkeppnin og Skólahreysti. Þá koma samræmdu prófin í 9. bekk.

Seinna í mánuðinum er það svo skíðaferð í Hlíðarfjall og að lokum árshátíðin í byrjun apríl. Auk alls þessa er það undirbúningur fyrir árshátíðina og hið hefðbundna nám sem eiga hug okkar allan.

Í lok apríl förum við að undirbúa okkur við að tæma D-álmuna og um mánaðarmótin apríl/maí flytjum við alla starfsemi D-álmunnar hingað og þangað um skólann, upp í Síðuskóla og út í Hamar.

Það skipulag er enn í mótum en allar upplýsingar verða senda forráðamönnum þegar nær dregur og skipulag orðið fastmótað.

Framundan eru því fjölbreyttir tímar þar sem við getum tekist á við margslungin verkefni og orðið reynslunni ríkari. Áfram leggjum við þó mikla áherslu á læsi og aukinn námsárangur, áhugavekjandi nám og samstöðu í eflingu HUGAR - HANDAR OG HEILBRIGÐIS.

Maímánuður verður án efa bæði fullur af tækifærum, áskorunum og gleði þegar við í sameiningu hjálpumst að við að koma því til leiðar að ný D-álmur skólans líti dagsins ljós.

Látum staðar numið hér og vindum okkur í fréttir næstu mánaða.

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,

Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Af gefnu tilefni - útbreiðsla COVID 19 veirunnar

Þar sem handþvottur og almennt hreinlæti skipta miklu máli varðandi það að draga úr útbreiðslu COVID 19 veirunnar höfum við í Glerárskóla brugðist við og setjum handsápur og sótthreinsandi gel inn í allar kennslustofur. Við munum hvetja nemendur okkar til að gæta vel að persónulegu hreinlæti.

Allir nemendur þurfa að spritta hendur fyrir máltíðir í matsal.

Leyfisbeiðnir og veikindaskráning

Enn viljum við benda forráðamönnum á að ef sækja þarf um leyfi í 1-2 daga þarf að hafa samband við umsónarkennara til að fá slík leyfi. Ekki er gott að hringja í skólann samdægurs og athuga skal að ritari skólans getur ekki veitt nemendum leyfi.

Ef um 3 daga eða lengri leyfi er að ræða þarf að sækja um þau rafrænt á formi sem finna má á heimasíðu skólans. Athugið að slík leyfi þarf að sækja um með nokkrum fyrirvara svo hægt sé að gera ráðstafanir um nám nemenda.

Viljum einnig nefna að hægt er að skrá veikindi nemenda beint inn á Mentor. Ef það er gert þarf ekki að hringja í skólann og því getur það sparað bæði tíma og fyrirhöfn.

Stóra upplestrarkeppnin

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk fer fram miðvikudaginn 4. mars kl. 17:00 í Kvosinni, Menntaskólanum á Akureyri - Hólum.

Þar lesa fyrir hönd Glerárskóla tveir aðalmenn og einn varamaður.

Fulltrúarnir eru:

Aðalmenn: Sigurgeir Bjarki Söruson og Tinna Evudóttir

Varamaður: Bessi Ólafsson.

Við hvetjum alla til að kíkja og hlusta á krakkana okkar og óskum þeim í leiðinni velgengi í upplestrinum.

Skólahreysti 2020

Skólahreysti, keppni grunnskólanna í hreysti, fer fram miðvikudaginn 4. mars n.k. kl. 13:30 í íþróttahöllinni en keppnin stendur til 15:30. Glerárskóla var úthlutaður liturinn RAUÐUR og því gott að koma rauðklæddur í skólann þennan dag fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. Það eru nemendur úr 7. - 10. bekk sem fara í íþróttahöllina á vegum skólans en farið verður úr skóla eftir hádegisverð nemenda.



Símar og önnur snjalltæki - Ítrekun

Viljum ítreka eftirfarandi.:

Nemendum er ekki heimilt að nota snjalltæki í skólanum en 8. - 10. bekkur hefur fengið leyfi til að nýta sér tækin í Skýjaborgum í frímínútum. Þrátt fyrir það leyfi er blátt bann við myndatökum eða myndbandsupptökum á snjallsíma/tæki innan skólans.

Vert er að benda á að ef nemandi er að nota símann (snjalltækið) í skólanum án leyfis er hann beðinn að afhenda það starfsmanni. Ef nemandi neitar því er hringt í forráðamenn og þeir beðnir að sækja tækið þar sem forráðamenn eru ábyrgðaraðilar gagnvart notkun nemenda á sínum/snjalltækjum í einkaeign.

Veðurfar og klæðnaður

Eins og allir hafa tekið eftir hefur veðurfar verið afar rysjótt síðastliðna mánuði. Enn er allra veðra von og nú biðjum við forráðamenn að vera vakandi með klæðnað barnanna sinna. Nemendur fara út í frímínútum og hádegishléi og þá þarf útiklæðnaður að vera samkvæmt veðurfari. Eins er gott að hafa aukaföt í töskunni þegar blautt er og mikill snjór.

Lykilatriði er þó að nemendur komi klæddir eftir veðri hvað varðar hlífðarföt og skótau, vettlinga, húfur og góða sokka.

Samræmd próf í 9. bekk

Nú líður að samræmdum prófum í 9. bekk en þau verða sem hér segir:

Þriðjudagurinn 9. mars 2020: Íslenska
Miðvikudagurinn 10. mars 2020: Stærðfræði
Fimmtudagurinn 11. mars 2020: Enska



Prófin hefjast kl. 8:30 alla dagana og verða haldin í tveimur stofum. Markmið prófanna er að sjá hvar barnið þitt/ykkar stendur í náminu. Þetta er ein af mörgum fjölbreyttum aðferðum sem eru notaðar í skólanum til að veita barni og foreldrum endurgjöf á styrkleika barnsins og námsstöðu á afmörkuðum þáttum. Mikilvægt er að barnið sé vel upplagt, hafi fengið góðan nætursvefn og borðað morgunmat að morgni prófdags. Gott er að leggja áherslu á að barnið reyni sitt besta og þá verður þetta ekkert mál.

Helstu atburðir í mars og apríl 2020

4. mars	Skólahreysti kl. 13:30
4. mars 2020	Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk kl. 17:00
10. - 12. mars 2020	Samræmd próf í 9. bekk
26. mars 2020	Útivist í Hlíðarfjalli
1.-2. apríl 2020	Árshátíð Glerárskóla
4.-13. apríl	Páskafrí nemenda og kennara
14. apríl 2020	Fyrsti kennsludagur eftir páskafrí - skv. stundaskrá
23. apríl 2020	Sumardagurinn fyrsti - frí í skóla

Áætluð fræðsla nemenda í mars og apríl

17. mars: 7. bekkur - Hinsegin fræðsla
28. apríl: 10. bekkur - Fræðsla gegn vímuefnum


2020

Glerárskóli í Hlíðarfjall

Hin árlega ferð Glerárskóla í Hlíðarfjall verður farin **fimmtudaginn 26. mars 2020**. Ef sá dagur gengur ekki upp vegna veðurs verður farið daginn eftir, föstudaginn 27. mars 2020.

Þeir sem eiga ekki búnað geta fengið hann að láni í Hlíðarfjalli en ekki verður hægt að lána nemendum í 1.—4. bekk.

Mætingar í og úr skóla eru eftirfarandi:

1.—4. bekkur:

Mæting í skóla kl. 8:15. Komið til baka milli 11:30 og 12:00 þá er matur og skóla lýkur á bilinu 12:00—12:30.

5.—7. bekkur:

Mæting í skóla kl. 8:15. Komið til baka milli 12:00 og 12:30 þá er matur og skóla lýkur á bilinu 12:30—13:00

8.—10. bekkur:

Mæting í skóla kl. 8:30. Komið til baka milli 12:15 og 12:45 þá er matur og skóla lýkur á bilinu 12:45—13:15.

Við minnum einnig á að nemendur verða að koma klæddir eftir veðri og til útiveru allan morguninn.

Nánari upplýsingar koma á sér blaði þegar nær dregur.

Árshátíð Glerárskóla

Vikuna 30. mars - 3. apríl n.k. verður mikið líf og fjör í Glerárskóla en þetta er árshátíðarvikan okkar. Árshátíð Glerárskóla er þekkt fyrir glæsileik og nú sem endranær verður mikið lagt undir svo árshátíðin takist sem best. Nemendur í 9. bekk eru nú þegar byrjaðir að æfa leikritið og strax er farið að huga að undibúningi annarra bekkja. Sýningar eru árshátíðardagana 1. og 2. apríl en síðdegis og að kvöldi 2. apríl eru árshátíðarböll nemenda.

Allt skipulag við árshátíðina er þaulæft og margar hendur leggja hönd á plóginn. Glerárskóli er eini skólinn á Akureyri sem ekki á sinn hátíðarsal og því þarf að leggja mikið undir til að breyta íþróttasalnum í veglegan

hátíðarsal fyrir árshátíð. Starfsfólk og nemendur vinna því hörðum höndum að því að gera árshátíðina að þeim glæsilega viðburði sem hún er í skólanum okkar.

Allar nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.

Óskilamunir

Við bendum forráðamönnum á að mikið er af óskilamunum í skólanum. Gott væri ef þeir sem sakna einhvers kæmu við og kíktu á það hvort hér leynist húfan, vettlingarnir, úlpan eða annað sem hefur týnst. Í vor verða allir óskilamunir teknir og afhentir Rauða krossinum eða Hertex.

**Glerárskóli, v/Höfðahlíð
603 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!

